

## **58. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldin í fjarfundi, þann 10. janúar 2024 kl 12.00**

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Gauti Geirsson, Halldór Halldórsson, Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Dagný Finnbjörnsdóttir og Nanný Arna Guðmundsdóttir,

Forföll boðuðu Jónas Heiðar Birgisson áheyrnarfulltrúi og Jóhann Birkir Helgason og í hans stað sat Dagný Finnbjörnsdóttir fundinn.

Einnig sátu fundinn þau Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðapróunar sem ritaði fundargerð, Guðrún Anna Finnbogadóttir teymisstjóri atvinnu- og byggðapróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðs- og menningar og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið til boðaðar dagskrár.

### **Dagskrá.**

#### **Fundur stjórnar Vestfjarðastofu**

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Starfsáætlun Vestfjarðastofu 2024
3. Endurskoðuð starfsáætlun stjórnar 2024
4. Fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2024
5. Sóknaráætlun Vestfjarða
  - a. Úthlutun Uppbyggingarsjóðs
  - b. Áhersluverkefni 2023 og 2024
  - c. Gerð nýrrar Sóknaráætlunar
6. Sértek verkefni Sóknaráætlanasvæða – C1
7. Umsögn um drög að frumvarpi um lagareldi
8. MIPIM 2024

#### **Fundur stjórnar FV**

1. Nýtt verknámshús við MÍ
2. Samhæfing málaflokka sem lúta að þjónustu við börn
3. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
4. Samstarf sveitarstjórnarfulltrúa í NV-kjördæmi
5. Umsagnir:
  - a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
  - b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
  - c. Afrakstur umsagna.
  - d. Umsagnarbeiðni
  - e. Umsagnir til skoðunar Samráðsgátt.
6. Fundargerðir til kynningar

## Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra.

### 2. Starfsáætlun Vestfjarðastofu 2024

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu starfshóps stjórnar um tillögu að afgreiðslu starfsáætlunar Vestfjarðastofu fyrir árið 2024 og tillögu að starfsáætlun sem sendist Byggðastofnun vegna sammings um atvinnuráðgjöf og byggðapróun

Til máls tóku Elísabet, Jóhanna og framkvæmdastjóri

Formaður gerði tillögu um að starfsáætlun Vestfjarðastofu og starfsáætlun um atvinnuráðgjöf og byggðapróun verði samþykktar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

### 3. Endurskoðuð starfsáætlun stjórnar 2024

Formaður og framkvæmdastjóri lögðu fram tillögu að endurskoðaðri starfsáætlunar stjórnar fyrir árið 2024.

Til máls tóku Lilja, Jóhanna, Nanný, Magnús, Friðbjörg, Guðrún Anna og framkvæmdastjóri

Fram kom að einnig verði settir inn viðburðir sem Vestfjarðastofa stendur fyrir og stjórn geti setið. Formaður gerði tillögu um vísa tillögu til úrvinnslu framkvæmdastjóra.

Tillagan samþykkt samhljóða.

### 4. Fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2024

Á grundvelli afgreiðslu starfsáætlana Vestfjarðastofu og stjórnar Vestfjarðastofu lagði framkvæmdastjóri fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024, með áætluninni fylgir greinargerð. Áætlunin er sundurliðuð á fimm starfsdeildir. Heildartekjur eru áætlaðar 288,2 mkr en heildargjöld, 286,5 mkr, rekstarniðurstaða er því jákvæð sem nemur 1,7 mkr.

Til máls tóku Jóhanna, framkvæmdastjóri

Formaður gerði tillögu um að tillaga að fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2024 verði samþykkt. Tillagan samþykkt

Formaður gerði tillögu að bókun

*Stjórn Vestfjarðastofu vill enn einu sinni gera athugasemd við lækun framlaga til atvinnu- & byggðapróunar, áfangastaðastofa og sóknaráætlunar. Stjórn vekur athygli á að þessi framlög hafa um árabíl ekki verið í takt við almenna verðlags og launaþróun. Stjórn Vestfjarðastofu vill því lýsa miklum áhyggjum af þessari þróun mála og skorar á stjórnvöld að hækka framlög tilgreindra málaflokka.*

Tillaga samþykkt samhljóða.

### 5. Sóknaráætlun Vestfjarða

Framkvæmdastjóri kynnti að nú færi i hönd síðasta starfsár Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir tímabilið 2020-2024 en um leið væri hafinn undirbúningur að gerð áætlunar fyrir tímabilið 2025-2029.

#### a. Úthlutun Uppbyggingarsjóðs

Lagðar fram til kynningar fundargerðir úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 20., 27. og 28. nóvember 2023 og greinargerð um úthlutun styrkja fyrir árið 2024.

Alls bárust 78 umsóknir og hlutu 57 verkefni brautargengi. Auk þeirra eru 6 verkefni sem hafa þegar hlotið styrkvilyrði frá fyrri árum (fjölársstyrkir), svo alls eru það 63 verkefni sem hljóta styrkvilyrði og eiga koma til framkvæmda á árinu 2024. Úthlutað var í þremur flokkum; stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstofnana, styrkir til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna og styrkir til menningarverkefna. Heildarupphæð styrkveitinga vegna ársins 2024 námu alls kr 56.700.000

Í fundargerð 28. nóvember setur nefndin fram minnispunkta varðandi framgang vinnu fagráða og úthlutunarnefndar og eru það nokkur atriði sem nefndin leggur til að verði breytt við næstu úthlutun.

Formaður leggur til að úthlutunarnefnd og fagráðum verði þökkuð þeirra vinna og vísa efni minnispunkta til úrvinnslu starfsmanna.

Tillagan samþykkt.

b. Áhersluverkefni 2023 og 2024

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um áhersluverkefni ÁH2023-6, Svæðisskipulag Vestfjarða alls kr 1.756.448,-. Tillagan felur einnig í sér að stofna til verkefnis sem nær einnig til árána 2024, 2025 og 2026 og nemur framlag sóknaráætlunar alls kr 31.156.448,-

Til máls tóku Lilja, Gauti, Jóhanna, Elísabet og framkvæmdastjóri.

Tillagan borin upp og samþykkt.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að áhersluverkefni ÁH2024 Púkinn-menningarhátíð, verkefnið nær til ársins 2024 og nemur framlag sóknaráætlunar alls kr 2.236.266,-.

Til máls tóku Lilja, Gauti, Jóhanna, Elísabet og framkvæmdastjóri

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Að teknu tilliti til áhersluverkefna sem hafa áður verið samþykkt nemur heildarframlag til áhersluverkefna nemur á árinu 2024 alls kr 42.136.266,-.

c. Gerð nýrrar Sóknaráætlunar

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar minnisblað þar sem innviðaráðherra samþykkir tillögu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlag á árinu 2024 til landshlutasamtaka vegna vinnu við mótun nýrra sóknaráætlana alls 45 mkr.

Hlutdeild Fjórðungssambands Vestfirðinga af þessari fjárhæð nemur kr 5.951.314,-.

Engin tók til máls.

Formaður gerir tillögu um að þakka framlag Jöfnunarsjóðs og fela framkvæmdastjóra að vinna tillögu um framkvæmd á mótun Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029.

Tillagan samþykkt samhljóða.

## 6. Sértek verkefni Sóknaráætlanasvæða – C1

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað með drög að tillögum þriggja til fjögurra verkefna sem Fjórðungssamband Vestfirðinga mun óska eftir stuðningi við úr aðgerð Bygðaaáætlunar C1. Umsóknarfrestur rennur út á mánudag 22. janúar n.k.. Til máls tóku Elísabet, Jóhanna, Lilja og framkvæmdastjóri Formaður gerði tillögu um að FV sendi umsóknir á grunni framlagðs minnisblaðs. Tillagan samþykkt samhljóða.

## 7. Umsögn um drög að frumvarpi um lagareldi, mál i Samráðsgátt 253/2023

Framkvæmdastjóri kynnti drög að umsögn um frumvarp um lagareldi.

Til máls tóku Gauti, Lilja, Halldór, Friðbjörg og starfsmenn Vestfjarðastofu. Formaður gerði tillögu að samþykkja efnislega framlagða umsögn en fela starfsmönnum að uppfæra texta hennar í ljósi umræðu. Tillagan samþykkt samhljóða.

## 8. MIPIM 2024

Framkvæmdastjóri kynnti drög að tillögu um þátttöku og fjármögnun Vestfjarðastofu í MIPIM sem er kaupstefna á sviði fasteignaþróunar, fjárfestinga og þjónustu. Ráðstefnan er haldin Cannes í Frakklandi. Um yrði að ræða samstarf við utanríkisráðuneyti, Íslandsstofu og önnur landshlutasamtök. Tillagan felur í sér ráðstöfun framlags sem Íslandsstofa hafði áður veitt Vestfjarðastofu, allt að 1,5 mkr og myndi fela í sér að Vestfjarðastofa myndi kanna þennan vettvang til eflingar fjárfestinga á Vestfjörðum. Til máls tóku, Elísabet, Sölvi, Jóhanna, framkvæmdastjóri, Formaður gerði tillögu um að samþykkt verði þátttaka í kaupstefnunni MIPIM. Tillagan samþykkt samhljóða.

Halldór, Friðbjörg, Elísabet, Gauti, Guðrún Anna og Sölvi viku af fundi.

## Fundur stjórnar FV

### 1. Nýtt verknámshús við MÍ

Framkvæmdastjóri kynnti aðdraganda að byggingu nýs verknámshúss við Menntaskólann á Ísafirði. Um nokkurt skeið hefur aðstaða til verknáms verið ófullnægjandi og mikil uppsöfnuð þörf verið fyrir nýtt verknámshús. Samkvæmt samningi sveitarfélaga á Vestfjörðum við menntamálaráðuneyti frá 1991 koma sveitarfélög á Vestfjörðum, að byggingu húsnæðis Menntaskólans. Sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum komu síðan eingöngu að byggingu fyrir vélfræði og húsasmíði á tífunda ártug síðustu aldar. Kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna er 40% á móti ríki. Sveitarfélögin taka ekki þátt í rekstrarkostnaði húsanna.

Ósk hefur komið frá mennta og barnamálaráðuneyti, Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað um að FV/VFS leiði samtal um aðkomu sveitarfélaga að byggingu hússins.

Til máls tóku Jóhanna, Magnús, Nanný, Lilja framkvæmdastjóri

Formaður gerði tillögu að bókun.

Stjórn styður að FV leiði samtal við sveitarfélögin um byggingu nýtt verknámshús Menntaskólans á Ísafirði, en í því felst ekki skuldbinding um aðild einstakra sveitarfélaga að verkefninu.

Samþykkt samhljóða.

## 2. Samhæfing málaflokka sem lúta að þjónustu við börn

Framkvæmdastjóri kynnti verkefni nýs starfshóps/spretthóps mennta- og barnamálaráðherra sem er að leita áhlits sveitarfélaga um möguleika á sameiginlegum starfstöðvum og samhæfingu starfs sveitarfélaga að farsæld barna, skólalþjónustu, íþróttastarfs og æskulýðs- og frístundastarfs. Starf hópsins byggir á markmiðum laga um samþættingu þjónustu við börn.

Framkvæmdastjóri óskar eftir afstöðu stjórnar FV um þátttöku í þessu verkefni og útfærslu sameiginlegrar þjónustu, en Vestfjarðastofa hefur ekki faglega eða fjárhagslega getu til að taka að sér verkefnið í dag.

Til máls tóku Lilja, Jóhanna, Dagný, Magnús, Jóhanna og framkvæmdastjóri.

Formaður gerði tillögu. Stjórn samþykkir að óska eftir að framkvæmdastjóri taki saman minnisblað í ljósi umræðu á fundinum og sendi stjórn til staðfestingar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

## 3. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Formaður gaf Lilju orðið, en Lilja er fulltrúi í Heilbrigðisnefnd Vestfjarða. Lilja lagði fram til kynningar efni bókunar samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða varðandi skýrslu og undirbúning að frumvarpi um málefnið.

## 4. Samstarf sveitarstjórnarfulltrúa í NV-kjördæmi

Framkvæmdastjóri kynnti umræðu á vegum SSNV, SSV og FV aukið samstarf sveitarstjórnarfulltrúa í Norðvestur kjördæmi.

Formaður gerði tillögu um að FV lýsi áhuga á auknu samstarfi og felur framkvæmdastjóra að kynna efni málsins fyrir sveitarstjórnnum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

## 5. Fundargerðir til kynningar

- a. Fundargerð 178. fundar stjórnar SSV 29. nóvember 2023

<https://ssv.is/wp-content/uploads/2023/12/178-fundur-stjornar-SSV-fundargerð.pdf>

- b. Fundargerð 101. fundar stjórnar SSNV 5. desember 2023

<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-101-fundar-stjornar-ssnv-5-desember-2023>

- c. Fundargerð 14. fundar stjórnar SSA 10. nóvember 2023

<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2023/11/15.-fundur-SSA-101123.pdf>

- d. Fundargerð 144. fundar stjórnar Austurbrúar 10. nóvember 2023

<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2023/11/144.-stjornarfundur-Austurbruar-101123.pdf>

- e. 604. stjórnarfundur SASS. 8. desember 2023  
<https://www.sass.is/604-fundur-stjornar-sass/>
- f. 936. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – í gögnum á Teams
- g. 57. Stjórnarfundur SSNE 29. nóvember 2023  
<https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE23/fundargerd-57-fundar.pdf>

## 6. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis  
Sviðsstjóri kynnti eftirfarandi.  
Umsögn um þingsályktun um fjarnám á háskólastigi mál 72.  
<https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-801.pdf>  
Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun mál 450.  
<https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-815.pdf>  
Umsögn um þingsályktun um landsskipulagsstefnu mál 535  
<https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-1229.pdf>  
Formaður kynnti tillögu, að framangreindar umsagnir hafa áður verið afgreiddar í tölvupósti en óskast nú formlega staðfestar  
Tillagan samþykkt samhljóða.
- b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt  
Engin mál hafa verið afgreidd frá síðasta fundi
- c. Afrakstur umsagna.  
Sviðsstjóri kynnti að frumvarp til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun, hafi verið samþykkt nær óbreytt. Feril málsins má finna hér  
<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/154/450/?ltg=154&mnr=450>
- d. Umsagnarbeiðni  
Engar umsagnarbeiðnir
- e. Umsagnir til skoðunar  
Samráðsgátt, drög að frumvarp um lagareldi. Vísast til afgreiðslu stjórnar Vestfjarðastofu fyrr í dag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.24